

181

29. sept.

VIÐAUKI VIÐ REGLUR

um verðlagning vara, sem verðlagsnefnd hefir sett eða setur hámarksálagningu á, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 21 31. marz og nr. 66 15. september 1939.

1.

Geti verzlun sannað, að hún hafi fastan umboðsmann eða útibú á fjarlægum stað til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, og greiðir umboðslaun í því sambandi, má verzlun, að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki verðlagsnefndar um hæð umboðslaunanna, reikna þau með í kostnaðarverði varanna.

2.

Hámarksálagningu í heildsölu og smásölu á þær vörutegundir, sem verðlagsnefnd hefir sett ákvæði um, má aðeins leggja einu sinni á sömu vöru.

Þó er verzlunum heimilt að skipta sín á milli álagningunni, en aldrei má hin samanlagða álagning fara fram úr hámarksálagningu þeirri, sem heimiluð er.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 70 31. des. 1937, og birtast hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

182

30. sept.

AUGLÝSING

um framkvæmd á 10. gr. reglugerðar frá 9. september 1939, um sölu og útlutun á nokkrum matvörutegundum.

Ráðuneytið hefir ákveðið, að rúgmjöl, sem selja má í slátur utan venjulegra skömmtunarseðla, skuli vera svo sem hér segir:

Í dilkslátur 2 kg.

Í slátur af fullorðnu fé 3 kg.

Í stórgripaslátur, sem matbúið er, 16 kg.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.